

Ár 2026, 28. janúar, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar saman til að kveða upp úrskurð um kæru A og B er varðar brottvikningu úr kirkjukór Xkirkju og meðferð trúnaðarupplýsinga. Kveðinn var upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

nr. 2/2025

Mál þetta úrskurða lögfræðingarnir Berglind Svavarsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Hreinn S. Hákonarson.

I. Málsmeðferð og kröfugerð aðila

Með tölvupósti, dags. xx. xx 2025, barst kæra frá lögmanni fyrir hönd A og B þar sem kærð er ákvörðun Biskupsstofu x. xx 2025 þess efnis að brottvikning A úr kór Xkirkju hafi verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum og að ákvörðunin hafi verið tekin með lögmeðum hætti, auk þess sem misbrestur við meðferð trúnaðarupplýsinga var látinn óátalinn. Málshefjendur krefjast þess að ákvörðun Biskupsstofu verði felld úr gildi og mælt fyrir um að brottvikning A úr kórnum hafi verið ógild.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er ekki áfrýjunarnefnd heldur tekur mál til úrlausnar uppfylli þau skilyrði 1. og 2. gr. starfsreglna úrskurðarnefndar nr. 36/2022-2023. Úrskurðarnefnd telur að eins og erindi málshefjenda sé framsett lúti það annars vegar að kröfu um að brottvikning annars málshefjanda úr kirkjukór Xkirkju verði úrskurðuð ógild og hins vegar að staðfest verði að misbrestur hafi orðið við meðferð trúnaðarupplýsinga. Erindið uppfyllir skilyrði 1. og 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023 og því talið tækt til efnislegrar úrlausnar.

Úrskurðarnefnd sendi erindi málshefjanda til organista kórsins C, þáverandi kórstjóra D og sóknarprests Xkirkju E og þeim gefinn kostur á að senda athugasemdir við framkomuð erindi. C, D og E staðfestu móttöku. Með tölvupóstum höfnuðu kórstjóri og sóknarprestur kröfum málshefjenda. Ekki barst afstaða til krafna málshefjenda frá organista kórsins. Hinn x.xx bárust athugasemdir frá málshefjendum við afstöðu gagnaðila. Engar frekari efnislegar athugasemdir bárust.

Að beiðni málshefjenda komu málshefjendur fyrir nefndina xx. xx 2025, reifuðu sjónarmið sín frekar og hugmyndir um sættir. Gagnaðili, fyrrum kórstjóri, neitaði boði úrskurðarnefndar um að koma á fund nefndarinnar og taldi nefndina ekki hafa úrskurðarvald vegna málsins. Organisti svaraði ekki boði um að koma á fund nefndarinnar. Sóknarprestur mætti á fund nefndarinnar x. xx 2025 ásamt lögmanni sínum, og reifaði sín sjónarmið. Sáttatilaunir reyndust árangurslausar.

Eftir töku málsins til úrskurðar og með vísan til rannsóknarskyldu skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993 taldi úrskurðarnefnd þörf á að afla frekari upplýsinga um málsatvik og sendi beiðni þar um til fyrrverandi formanns stjórnar kirkjukórsins og sóknarprests. Umbeðnar upplýsingar frá formanni stjórnar kirkjukórsins bárust úrskurðarnefnd x. xx 2026. Ekki bárust upplýsingar frá sóknarpresti.

II. Helstu málavextir

Fram kemur í gögnum málsins að málshefjendur hófu að syngja með kirkjukór Xkirkju þann xx. xx 2025. Á aðalfundi kórsins þann x. xx 2025 voru A og B kjörin í stjórn ásamt F sem einnig kom ný inn í stjórn kirkjukórsins. Þann xx. xx ákváðu málshefjendur að segja sig úr stjórn kórs Xkirkju vegna samstarfs- og samskiptaörðugleika en áður hafði téð F sömuleiðis sagt sig úr stjórn kórsins.

Þann xx. xx hringdi málshefjandi A í sóknarprest Xkirkju, og bað um fund sem ákveðinn var daginn eftir eða xx. xx. Um hálfri klukkustund eftir það símtal barst A tölvubréf frá páverandi kórstjóra Xkirkju, D, þar sem honum var tilkynnt að eftir vandlega yfirlegu og samtal innan stjórnar hefði verið ákveðið að víkja honum úr kórnum. Síðar sama dag hringdi málshefjandi, B í kórstjóra til að fá nánari skýringar á brottvikningu A. Í því samtali kom fram af hálfu kórstjóra að málshefjandi A væri „dóminerandi“ og það færi mikið fyrir honum. Þá kom enn fremur fram að kórstjóri vissi af fyrirhuguðum fundi málshefjenda með sóknarprestinum og hvatti A og B til að mæta á þann fund. Vitneskja kórstjóra um fundinn kom málshefjendum á óvart og upplifðu A og B trúnaðarþrest af hálfu sóknarprestsins.

Á fundi málshefjenda með sóknarpresti, E þann xx. xx 2025 upplýsti E að úrsagnarbréf þeirra hefði verið rætt á starfsmannafundi í kirkjunni að morgni xx. xx 2025 og þar hafi kórstjóri kynnt sín sjónarmið og tillögu um að málshefjanda A yrði vísað úr kórnum. Tillagan hafi verið samþykkt af öllum sem sátu fundinn. Fram kom hjá sóknarpresti að hegðan málshefjanda á æfingadegi kórsins þann x. xx þar sem hann hafi meðal annars með frammíkalli stuðað alla nærstadda, hefði verið meginástæða þess að kórstjóri hafi lagt til að honum yrði víkið úr kórnum. Fram kom hjá málshefjendum að þeim hafi ekki liðið vel á fundinum, fannst sóknarprestur sýna þeim kuldalega framkomu og í kjölfarið hafi málshefjandinn B fengið taugaáfall.

Þann xx. xx sendi sóknarprestur, E málshefjendum tölvubréf sem innihélt afsökunarbeiðni af hálfu E vegna framkomu sinnar á fundi þeirra þann xx. xx. Hvorugur málshefjandi, A og B, taldi afsökunarbeiðni sóknarprestsins fullnægjandi og í bréfum A og B til sóknarprestsins þann xx. xx ítrekuðu A og B slæma upplifun af framkomu E.

Málshefjendur sendu bréf til biskups, formanns sóknarnefndar Xkirkju, prófasts Xprófastsdæmis og Biskupsstofu vegna galla á málsmeðferð við brottrekstur málshefjanda úr kórnum og meðferð trúnaðarupplýsinga en án viðbragða af þeirra hálfu. Þau leituðu þá til lögmanns er sendi Biskupsstofu formlegt bréf, „umkvörtun“, þann xx. xx 2025. Afstaða Biskupsstofu samkvæmt bréfi dagsettu x. xx 2025 var sú að brottvikning málshefjanda A úr kór Xkirkju hefði verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum og að ákvörðunin hefði verið tekin með lögmætum hætti, auk þess sem misbrestur við meðferð trúnaðarupplýsinga var látinn óátalinn.

III. Sjónarmið og rökstuðningur málsaðila

1. Sjónarmið málshefjanda.

Málshefjendur byggja á því að málshefjandi A hafi ekki notið andmælaréttar né að honum hafi verið gefið tækifæri til að bæta úr þeim vanköntum sem getið er um í bréfi kórstjóra. Málshefjendur vísa til siðareglna vígðra þjóna og annars starfsfólks kirkjunnar og telja mikinn misbrest á að eftir þeim hafi verið farið við meðferð þessa máls. Þá hafi almennar málsmeðferðarreglur verið brotnar svo og persónuverndarreglur. Jafnframt kemur fram hjá málshefjendum að ekkert liggi fyrir með hvaða hætti kórstjóri hafi haft samráð við stjórn kórsins um brottvikningu málshefjanda A en engin fundargerð hafi verið lögð fram því til sönnunar.

Málshefjendur vísa til starfsmannafundar í Xkirkju sem haldinn var að morgni þann xx. xx 2025 og gera alvarlegar athugasemdir við framgöngu kórstjóra á þeim fundi. Óheimilt hafi verið að ræða málefni málshefjanda á slíkum fundi, hvað þá að lesa upp úrsagnabréf þeirra úr stjórn eða sýna „messenger“ samskipti stjórnarmanna í kirkjukór Xkirkju.

Varðandi aðkomu sóknarprests, E að málinu telja málshefjendur að um alvarlegt trúnaðarbrot sé að ræða hjá vígðum þjóni kirkjunnar með því að upplýsa kórstjóra um fyrirhugaðan fund með þeim og að framkoma E á fundi með þeim hafi ekki verið í samræmi við skyldur prests.

2. Sjónarmið gagnaðila.

Organisti kirkjunnar, C staðfesti móttöku kæru málshefjanda eins og áður hefur komið fram en hefur ekki brugðist efnislega við erindum úrskurðarnefndar.

Í ódagsettum athugasemdum frá kórstjóra, D, er bærust úrskurðarnefnd með tölvupósti dags. xx. xx 2025 kemur fram að ákvörðun um að víkja málshefjanda A úr kórnum hafi verið tekin af D að vandlega ígrunduðu máli og að höfðu samráði við stjórn kórsins líkt og lög hans kveði á um. D telji sér ekki skylt að rökstyðja þá ákvörðun enda ekkert í regluverki kórsins er leggi þá skyldur á D. Vegna rangfærslna sem fram komi í kæru telji D þó rétt að benda á að innan kórsins hafi öllum verið ljóst að málshefjandi A tók ekki leiðsögn D, sýndi yfirgangssemi og talaði niðrandi um aðra kórfélaga. Þá bendir kórstjóri á að fullyrðingar A um að D hafi brotið trúnað með því að lesa upp úr tölvupóstssamskiptum þeirra séu rangar. Það að D hafi vitnað

í úrsagnarbréf málshefjenda sem D var sent í tölvupósti geti með engu móti talist trúnaðarbrot.

Um aðkomu sóknarprests vísar kórstjóri, D til að D hafi setið starfsmannafund þegar málshefjandi A hafi hringt í sóknarprest en raddstýrkur A sé slíkur að engum hafi dulist hver hafi þar farið. Sóknarprestur, E hafi strax farið út af fundinum en ekki sé rétt að E hafi lekið upplýsingum til kórstjóra.

Gagnaðili vísar að endingu til þess að málshefjandi A hafi verið vísað úr kirkjukór Xkirkju en ekki þjóðkirkjunni. Mál þetta heyri því ekki undir úrskurðarnefndina.

Fram kom hjá sóknarpresti E að E teldi að kórstjóri hefði verið í fullum rétti að vísa málshefjanda A úr kórnum skv. reglum kórsins og að D hafi haft stuðning þeirra sem eftir voru í stjórn. Sóknarprestur hafnar því að hafa brotið trúnað við málshefjendur þótt E hafi upplýst á starfsmannafundi að málshefjendur hefði bókað viðtal við E næsta dag en E hafi ekki gefið upp tilefni þess fundar. Þá vísar sóknarprestur E til afsökunarbeiðni sinnar og kveður ekki á sínu færi að gera meira í þessu máli.

IV. Niðurstaða

Samkvæmt starfsreglum um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 36/2022-2023, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, skal úrskurðarnefnd úrskurða í málum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot í starfi. Samkvæmt 2. mgr. 1.gr. starfsreglnanna er með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi átt við ágreining sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Þá geta allir sem hagsmuna eiga að gæta borið mál undir nefndina sbr. 2. gr. starfsreglnanna. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum og úrskurðir hennar eru endanlegir og bindandi innan þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglum nr. 36/2022-2023.

Á fundi úrskurðarnefndar hinn 19. ágúst sl. var ákveðið að taka erindi málshefjenda til efnislegrar afgreiðslu með vísan til 1. og 2. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Mál þetta lýtur annars vegar að málsmeðferð vegna brottvikningar kórmeðlims úr kirkjukór Xkirkju og hins vegar að meðferð trúnaðarupplýsinga starfsmanna Xkirkju. Úrskurðarnefnd lítur svo á að málsatvik séu með þeim hætti er fram kemur í kæru enda hafa gagnaðilar aldrei mótmælt þeirri málavaxtalýsingu og heldur ekki séð ástæðu til að koma að sínum sjónarmiðum þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað.

Málshefjendur vísa til þess að brottvikning málshefjanda A úr kirkjukór Xkirkju hafi verið án fyrirvara, tiltals eða andmælaréttar og að ákvörðunin hafi verið tekin án fullnægjandi samráðs innan stjórnar kirkjukórsins. Fyrir liggur að kirkjukór Xkirkju er sérstakt félag með sérstakri stjórn en hins vegar er óumdeilt að bæði kórstjóri og organisti voru starfsmenn kirkjunnar og báru réttindi og skyldur sem slíkir, þ.á m. skyldur til að fara eftir og virða siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar frá 2009.

Þáverandi kórstjóri kvaðst hafa tekið ákvörðun um brottvikningu í samráði við stjórn eins og ákveðið væri í lögum félagsins. Þáverandi formaður stjórnar kórsins staðfesti að munnlegs samþykkis stjórnarmanna hefði verið aflað en enginn fundur haldinn né færð fundargerð. Ekki þykir skipta máli í þessu sambandi að einungis tveir stjórnarmenn af fimm sátu eftir í stjórn kórsins.

Samkvæmt lögum kirkjukórs Xkirkju er samþykkt voru xx. xx 2025 starfa kórfélagar undir stjórn organleikara safnaðarins sbr. 3. gr. þeirra og samkvæmt 2. mgr. 4. gr. hefur organistinn heimild til að víkja kórmeðlimum úr kórnum. Ekkert er hins vegar vikið að heimildum kórstjóra þar að lútandi. Á aðalfundi kórsins x. xx 2025 voru sérstakar umræður um hvort breyta ætti þessu ákvæði svo ljóst væri hver færi með það hlutverk samkvæmt lögum þegar kórstjóri væri ráðinn en málið var ekki afgreitt heldur vísað til næstu stjórnar. Samkvæmt gildandi lögum kórsins er það því hlutverk organistans en ekki kórstjórans. Hafi valdheimildir kórstjóra átt að ná til þess að víkja kórmeðlimum úr kórnum hefði slíkt þurft að koma fram með skýrum hætti. Þá hefur því ekki verið haldið fram af hálfu gagnaðila að starfandi organisti kirkjukórsins hafi staðið að þeirri ákvörðun. Með vísan til framangreinds verður því að telja að ákvörðun kórstjóra um brottvikningu málshefjanda A úr kór Xkirkju hafi ekki verið í samræmi við lög kórsins.

Fram kemur í gögnum málsins að kórstjóri hafi kynnt sín sjónarmið og tillögu um brottvikningu málshefjanda úr kirkjukór Xkirkju á starfsmannafundi kirkjunnar þann xx. xx 2025 og fram hefur komið hjá málshefjendum að „messenger“ samskipti milli stjórnarmanna kirkjukórsins hafi verið sýnd og rædd auk úrsagnabréfs málshefjenda úr stjórn kórsins. Kórstjóri, D hefur staðfest að D hafi þar vitnað í úrsagnarbréf málshefjenda úr stjórn kórsins en hafnar öðrum staðhæfingum málshefjenda. Fyrir liggur að hvorugur málshefjanda var á starfsmannafundinum. Úrskurðarnefnd óskaði eftir fundargerð starfsmannafundarins frá sóknarpresti og ef hún væri ekki til þá upplýsingum um fundinn og hverjir hafi setið hann. Ekki var orðið við þeirri beiðni.

Vandséð er að hvaða leyti málefni einstakra kórfélaga og stjórnarmálefni kirkjukórs Xkirkju eigi erindi á fund starfsmanna kirkjunnar. Telja verður að framganga kórstjóra að þessu leyti sé brot á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar frá 2009, sérstaklega 3. tl. þeirra er lýtur að þagnarskyldu en einnig 2. og 19. tl. er varðar varkárni og virðingu í umtali.

Þá verður einnig að telja að sóknarprestur hafi brotið þagnarskylduákvæði framangreindra siðareglna við málshafjendur þegar E upplýsti á téðum starfsmannafundi að málshafjendur hefðu bókað viðtal hjá E. Jafnvel þótt sóknarprestur hafi ekki upplýst um tilefni fundarins þá eru slíkar upplýsingar trúnaðarmál sem ekki hefðu átt að berast kórstjóra og enn síður tilkynntar á starfsmannafundi.

Með vísan til alls framangreinds þá telur úrskurðarnefnd að verulegir annmarkar hafi verið á málsmeðferð vegna brottvikningar málshafjanda A úr kirkjukór Xkirkju og meðferð trúnaðarupplýsinga starfsmanna Xkirkju hafi ekki verið í samræmi við siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarorð:

Brottvikning málshafjanda A úr kór Xkirkju er ógild.

Meðferð kórstjóra og sóknarprests Xkirkju á trúnaðarupplýsingum á starfsmannafundi xx. xx xxxx braut gegn siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar frá 2009.

Reykjavík, 28. janúar 2026.

Berglind Svavarsdóttir

Elsa S. Þorkelsdóttir

Hreinn S. Hákonarson